



Norðlingaholt


Breyting á deiliskipulagi – ný lóð fyrir farsímamastur

Lögð fram umsókn Mílu, dags. 24. ágúst 2026, um breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að staðsetja lóð fyrir farsímamastur á Norðlingaholti samkvæmt uppdrætti Strendings 21.ágúst 2026






Staðsetning



Skipulagsleg staða




Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi er svæðið er skilgreint sem opið svæði – OP30

Minni opin svæði innan þéttar byggðar. Leikvellir, gróðurreitir, minni útivistarsvæði og almenningsrými og græn beltí innan þéttbýlis.

Norðlingaholt – ný innviðalóða fyrir farsímamastur

- Breytingin felst í að staðsetja nýja innviðalóð í Norðlingaholti
- Til að mæta aukinni eftirspurn og vaxandi kröfum um betri farsíma- og snjallbúnaðarsamband er nauðsynlegt að styrkja farnetið með því að þétta það og fjölga sendistöðvum.



SKÝRINGAR:

	Mörk skipulagssvæðis
	Byggingarreitur
	Ný lóð
	Götur
	Opíó svæði OP30





Niðurstaða

Lagt er til að tillagan verði samþykktar í auglýsingu samkv. 1. mgr. 43. gr.



Auka glærur





Efni: Skipulagsmál: Álit verkefnastjóra á skrifstofu umhverfisgæða vegna staðsetningar 18 m farsímamasturs í Norðlingarholti norðan hverfisverndarsvæðis Bugðu

Staðsetning 18 m hás farsímamasturs á svæði við hlið leiksvæðis er aldrei æskileg og hefði verið best að finna því annan stað þar sem svæðið er grænt opið almenningssvæði með grænar tengingar við skóla og útivistarsvæði í grennd.

Tillagan gerir ráð fyrir 8x8 m, 64m² lóð við trjálund á opnu svæði norðan við hverfisverndarsvæðis Bugðu til móts við götuna Kólguvað (mynd 2).

Eftir vettvangsskoðun, þar sem skoðaðir voru fleiri möguleikar á staðsetningu mastursins (mynd 1), er lagt til að lóðin verði færð **norðaustur af fyrirhugaðri staðsetningu**, inn í litið skógarjódur sem er opið til norðurs (mynd 3). Sú staðsetning er talin falla betur að umhverfinu og **draga úr sjónrænum áhrifum mastursins**.



mynd 1



mynd 2



mynd 3



mynd 4

Áætluð staðsetning horft frá leiksvæði
Mastur sett inn á mynd með aðstoð chatgpt



mynd 5

Ný tillaga að staðsetningu horft frá leiksvæði
Mastur sett inn með hjálp chatgpt

Staðsetning í skógarjódurinu (mynd 6). Til að skerma mastrið enn frekar er æskilegt að sett sé **kvóð um gróðursetningu trjáa** í kringum það. Að trjám verði plantað eins nálægt mastrinu og unnt er og sérstakleg verði gróðursett **stálpuð tré norðan við mastrið**, með það að markmiði að draga sem mest úr sýnileika þe og sjónrænum áhrifum á umhverfið (mynd 7).



mynd 6

Mastur staðsett í skógarjódur
Mastur sett inn á mynd með aðstoð chatgpt



mynd 7

Mastur skermað af með trjám.
Útfærsla með aðstoð chatgpt



Deild samgangna gerir ekki athugasemdir við staðsetningu farsímamasturs við Bugðu út frá sjónarmiðum samgangna og umferðaröryggis.

við sjáum ekkert því til fyrirstöðu að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna, en þá eftir breytinguna og stofnun lóðarinnar, myndum við óska eftir heimild til að fá að setja lóðina í útboð, ásamt þá annarri lóð sem nýlega hefur verið stofnuð í sama tilgangi í Elliðaárdal

Lóðir, lönd og eignir

18. Veitur og helgunarsvæði (VH)

Stofnkerfi veitna og eftir atvikum dreifikerfi eru sýnd á myndum 16a–16d. Gerð er nánari grein fyrir forsendum í Viðauka 10 og og B3. Umhverfisskýrslu (sjá einnig skjalið B2. *Skapandi borg* adalskipulag.is.) Breytingar frá þeim stofn- og dreifikerfum sem sýnd eru á umræddum myndum kalla á aðalskipulagbreytingu

Stefna um minniháttar veitumannvirki er ekki sett fram í aðalskipulagi, en getið er um hvar þau eru almennt heimil í landnotkunarköflum, eftir því sem við á. Minniháttar veitumannvirki eru s.s. minni lagnir neðanjarðar sem ekki er gerð sérstaklega grein fyrir á þemakortum og önnur minni veitumannvirki á yfirborði sem falla vel að umhverfinu og valdi ekki neikvæðum umhverfisáhrifum eða óafturkræfu raski.

Í aðalskipulaginu er ekki sett fram sérstök stefna um gagna- eða boðveitu. Gerð er grein fyrir henni eftir atvikum í hverfis- eða deiliskipulagi. Minni mannvirki, svo sem fjarskiptamöstur, móttakarar og línulagnir í jörðu, eru heimil utan byggðar, svo sem á opnum svæðum (OP), óbyggðum svæðum (ÓB) og landbún- aðarsvæðum, en eru háð framkvæmdaleyfi. Heimilt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir þeim á grundvelli aðalskipulagsins þótt viðkomandi mannvirki séu ekki tilgreind á uppdráttum þess. Gera skal grein fyrir stærri fjarskiptamöstrum í deiliskipulagi. Minniháttar fjarskiptasendar og móttakarar eru heimilir ofan á hærri byggingum. Almennt skal gera grein fyrir slíku í deiliskipulagi.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að skólpdælu- og hreinsistöðvum og öðrum minniháttar veitumannvirkjum megi finna stað á öðrum landnotkunarsvæðum en iðnaðarsvæðum, svo sem á opnum svæðum (OP) og strandsvæðum (ST), enda sé þannig staðið að hönnun og frágangi að mannvirki falli vel að umhverfinu.